

168

11. okt.

AUGLÝSING

um breyting á reglum um fjörefnablöndun smjörlikis frá 27. apríl 1935.

Meðan fjörefni til smjörlikisgerðar eru ófáanleg er smjörlikisframleiðendum heimilt að láta úti fjörefnalaust smjörliki, enda verði stimplað á umbúðirnar orðið: „Fjörefnalaust“.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. október 1941.

Jakob Möller.

Páll Pálmason.

169

11. okt.

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Steingrims Einarssonar sjúkrahússlækni“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 11. október 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Steingrims Einarssonar sjúkrahússlækni.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Steingrims Einarssonar sjúkrahússlækni.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um fyrsta lækni sjúkrahúss Siglufjarðar, Steingrím Einarsson, með 3000 kr., af nokkrum konum í Siglufirði, sem hafa undanfarin ár, undir nafninu Styrktarnefnd spítalans, aflað ýmsra læknaækja fyrir sjúkrahúsið.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa: bæjarfógetinn, Siglufirði, sem formaður, héraðslækni-irinn og spítalalæknir Siglufjarðar, sem meðstjórnendur, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

4. gr.

Endurskoðendur bæjarreikninga Siglufjarðar endurskoða í byrjun hvers árs fjárhald sjóðsins.

5. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheimum þeirra, er vilja styrkja sjóðinn.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að afla sjúkrahúsi Siglufjarðar sem fullkomnastra læknaækja, er stundir líða fram og sjóðurinn verður þess megnugur, eftir skipulagsskránni.

7. gr.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta í peningastofnun, er ríkið ber ábyrgð á.